

# Sveinn Ólafsson - framboð til stjórnar Visku 2026



Ég býð mig fram til stjórnar Visku 2026. Kjörtímabilið mun markast af undirbúningi kjaraviðræðna, þar sem samningar renna út hjá flestum okkar 31. mars 2028. Ef samningar eiga ekki að rofna í haust, þá þarf að koma til aðgerða til að bæta kjör venjulegs launafólks. BHM félög þurfa þar að halda uppi merki millitekjufólks og sérfræðinga. Undanfarin ár hafa ASÍ og BSRB markað brautina og krafist þess að svigrúm til launahækkana renni fyrst til láglaunahópa. Þó það þurfi að styrkja þá hópa verður að hafa í huga að þeir hafa notið launahækkana umfram aðra undanfarin ár, og að millitekjufólk hefur bæði setið eftir og greitt í miklum mæli fyrir aðgerðir til að bæta stöðu láglaunahópanna.

Nú er svo komið að launahækkarnir fylgja ekki verðbólgu sem þýðir að það dregur úr kaupmætti almenns launafólks. Þetta er þó fólkið sem stendur undir almennum hagvexti í landinu undanfarin ár. Þó að hafi dregið úr hagvexti á síðasta ári, verður að gera kröfu til hlutdeildar launafólks í velmegun landsins. BHM félög verða þess vegna að gera kröfur til kjara sem taka mið af þessu, og af því að stór hluti háskólaafólks er einnig að greiða af námslánum. Þá þarf að líta til ævitekja þeirra miðað við faglært iðnaðarfolk og almennt verkafólk.

Hvers vegna er þetta mikilvægt? Það er vegna þess að háskólamenntaðir leiða mikinn hluta af almannaþjónustu í landinu, og styðja þar með velferð allra frá vöggju til grafar. Stór hluti sérfræðinga vinnur einnig að rannsóknum, nýsköpun og markaðssetningu, sem eru grundvöllur vaxtar í landinu. Það er ekki nóg að veiða fiskinn, stunda ferðaþjónustu eða landbúnað ef þessi atriði vantar, til þess að fá viðskiptavini til að greiða hærra verð fyrir vöru eða þjónustu. Þar gegnir háskólamenntað fólk lykilhlutverki. Til þess að fá þau til starfa í landinu, þarf að setja upp aðlaðandi umhverfi og gera háskólaafólki kleift að vinna upp launatap frá þeim árum sem það var að læra.

Ég lauk B.A. gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá HÍ 1997, M.Sc. gráðu í Information and Library Studies frá University of Strathclyde í Skotlandi 2000 og MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu frá HÍ 2024. Ég er ritari Visku og um leið formaður kjaranefndar BHM. Ég hef langa reynslu af starfi við kjaramál á vettvangi stéttarféлага. Ég hef setið í aðalsamninganefndum BHM og vann meðal annars þar að gerð kjarasamninga árin 2011, 2015 og 2019.

Bestu kveðjur,  
Sveinn Ólafsson